

Samþykkt

14

30. mars

um

samgirðingu í Hjallahverfi í Ölfushreppi í Árnessýslu.

Hreppsnefndin í Ölfushreppi hefir, samkvæmt girðingalögum 22. nóvember 1913, gert eftirfarandi samþykkt um samgirðingu í Hjallahverfi í Ölfushreppi.

1. gr.

Stofna skal girðingafjelag í Hjallahverfi í Ölfusi. Tilgangurinn með því er sá að gera gaddavírgirðingu um sauðfjárhaga í Hjallahverfislandi, 5-þætta og að öðru leyti samkvæma girðingarlögum frá 22. nóv. 1913 og reglugjörð um sama efni. Girðingin skal vera á mörkum milli Riftúns og Hjallatorfunnar að austan, en að vestan á mörkum milli hennar annarsveggar og Breiðabólstaða, Hrauns og Grímslækjar hinsveggar; að sunnan og norðan liggur girðingin þvert yfir land Hjallatorfunnar.

2. gr.

Í girðingarfelaginu eru þessar jarðir eða ábúendur þeirra: Hjalli, Lækur ásamt Gerðakoti, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Krókur og Bakki.

3. gr.

Fjelagið tekur lán til þess að koma girðingunni á fót. Lánið fylgir jörðunum, enda ábyrgjast ábúendur jarðanna skivíslega greiðslu á vöxtum þeirra og afborgunum svo og öðrum kostnaði, sem girðingin og fjelagsskapurinn kann að hafa í för með sjer.

4. gr.

Öllum kostnaði við girðinguna svo sem vöxtum af láninu, afborgunum þess og árlegu viðhaldi girðingarinnar skal jafna niður á alla fjelagsmenn þannig: að hálfu leyti á hvert jarðarhundrað og hinum helmingnum á tölu sauðfjár þess, sem á fóðrun er.

Ábúendur annast um greiðslu á sjálfsögðum gjöldum til fjelagsins fyrir sig og sína heimamenn.

5. gr.

Engum fjelagsmanni skal heimilt að nota girðinguna fyrir meira en 10 sauðkindur og 1 stórgrip fyrir hvert jarðarhundrað þeirrar jarðar, er hann hefur til ábúðar, án þess fjelagsstjórnin samþykki. Nú vill fjelagsmaður nota girðinguna fyrir fleiri fjenað og verður hann þá að sækja um leyfi til fjelagsstjórnarinnar, en ganga verður hann þá að herra gjaldi fyrir hvern grip, er hann hefir fram yfir sína tiltölu. Öllu sauðfje, sem beitt er í girðingunni, skal rjettað innan girðingar.

6. gr.

Engum fjelagsmanni er heimilt að taka sauðfje eða nokkurn annan fjenað af utanfjelagsmönnum án samþykkis fjelagsstjórnar. Þá skulu innansveitarmenn ganga fyrir utan-

14 sveitarmönnum ef tekinn er fjenaður í girðinguna. Nú notar einhver fjelagsmaður ekki sína 30. mars tölu og skal hann þá hafa gefið það fjelagsstjórn til kyana fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Girðingarfelagið heldur einn aðalfund á ári hverju í maímánuði. Skulu á aðalfundi kosnir 3 menn í stjórn fjelagsins til þriggja ára í senn; skal formaður kosinn sjerstaklega og svo tveir meðstjórnendur. Skifta þeir svo að öðru leyti verkum á milli sín. Ef stjórnar-nefndarmaður forfallast eða flytur burtu af fjelagssvæðinu áður en kjörími hans er á enda, skal kjósa mann í stjórnina í hans stað fyrir þann tíma sem eftir var. Endurkosning er heimil, en sá sem unnið hefir í stjórn hinn ákveðna tíma er þó ekki skyldur að taka á móti endurkosningu næstu þrjú árin.

8. gr.

Formaður fjelagsins skal ásamt meðstjórnendum sínum annast um alla sjórn í fjelag-iuu, innheimta gjöld fjelagsins í tæka tíð, líta eftir girðingunni og sjá um viðhald hennar o. s. frv. Eanfremur skal girðingin vera sauðheld og í góðu lagi.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum. 25—100 kr. er renna í sveitarsjóð.

10. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lögreglumál og annast stjórn fjelagsins um rekstur slíkra mála.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytutí-öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 30. mars 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.